

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 28. maí 2025 í máli nr. 136/2024

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 11. október 2024 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings við fyrirtækið Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða 6.327,55 evrur sem sóknaraðili var krafinn um vegna tjóns á leigubifreið í eigu varnaraðila. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubrúfi, dags. 11. október 2024, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust nefndinni þann 23. október 2024. Athugasemdir sóknaraðila bárust þann 9. nóvember 2024 og athugasemdir varnaraðila 15. sama mánaðar.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda aðila, staðfesting á greiðslum sóknaraðila, afrit af leigusamningi, samningsskilmálar, ástandsskýrsla, myndir og myndband, afrit af skriflegum samskiptum aðila, tjónstilkynning, yfirlýsing fagaðila, CABAS-mat framkvæmt af [...], kortayfirlit og færslukvittun.

Með brúfi, dags. 27. maí 2025, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Af gögnum máls verður ráðið að sóknaraðili leigði bifreið af varnaraðila dagana 1. til 9. júní 2023 og greiddi alls 886,01 evrur fyrir leiguna. Þann 11. júní 2023 hafði varnaraðili samband við sóknaraðila og tilkynnti um foktjón á lakki bifreiðarinnar sem hafði ekki verið skráð við ástandsskoðun bifreiðarinnar við upphaf leigutímabilsins. Í kjölfarið var tjónsupphæðin, 919.772 krónur eða 6.327,55 evrur, skuldfærð af kreditkorti sóknaraðila. Sóknaraðili telur sig ekki bera ábyrgð á hinu meinta tjóni á bifreiðinni og byggir annars vegar á því að umræddar skemmdir hafi ekki verið á bifreiðinni þegar sóknaraðili skilaði henni þann 9. júní. Í því samhengi vísar sóknaraðili á myndband sem hann tók við skil á bifreiðinni. Hins vegar vísar sóknaraðili til þess að varnaraðili hafi ekki sýnt fram á að umræddar skemmdir hafi ekki verið til staðar þegar leigutímabilið hófst. Að auki bendir sóknaraðili á að engar upplýsingar liggi fyrir um hvort viðgerð hafi farið fram, og því sé ósannað að krafa varnaraðila byggji á raunverulegu fjártjóni hans. Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða honum að fullu það gjald sem var skuldfært af greiðslukorti hans eða 6.327,55 evrur.

Varnaraðili bendir á að veðuraðstæður á leigutímabilinu hafi verið með þeim hætti að þær geti hafa valdið sand- eða öskufoki sem hafi leitt til lakkskemmda á bifreiðinni. Hann vísar í því samhengi til framlagðra matsgerða sérfræðinga og byggir á því að tjónið hafi orðið á meðan sóknaraðili hafði leigubifreiðina til umráða.

IV

Lagaumhverfi

Varnaraðili starfar samkvæmt lögum nr. 65/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja. Í 6. mgr. 6. gr. laganna segir að ökutækjaleiga skuli í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Þá segir í 7. mgr. 6. gr. laganna að ökutækjaleigu beri að tryggja að leigutaka séu ekki settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum. Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laganna skal gerður leigusamningur um leigu ökutækis. Í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 840/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja segir að ökutækjaleiga skuli í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða í samræmi við 6. gr. laga nr. 65/2015. Í 3. mgr. ákvæðisins kemur fram að ökutækjaleiga skuli gæta þess að leigutakar njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör, svo og að leigutaka séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum.

V

Niðurstaða

Sóknaraðili tók á leigu bifreið hjá varnaraðila dagana 1. til 9. júní 2023 og greiddi alls 886,01 evrur fyrir. Leigan var greidd með fyrirtækjakorti sóknaraðila en undir rekstri málsins lagði sóknaraðili fram skýringar og gögn sem sýndu fram á að sóknaraðili greiddi sjálfur fyrir leiguna og annan kostnað til varnaraðila í málinu líkt og aðra notkun á kortinu sem er ekki í þágu atvinnurekanda. Í því samhengi lagði sóknaraðili fram afrit af færslukvittun fyrir greiðslu kortaskuldar sem gjaldfærð var af persónulegum debetreikningi sóknaraðila. Sóknaraðili telst því neytandi í skilningi laga nr. 81/2019.

Við afhendingu leigubifreiðarinnar þann 1. júní 2023 voru skráðar tvær rispur og tvær dældir á undirritaða ástandsskýrslu sem fylgdi með leigusamningi aðila. Sóknaraðili skilaði bifreiðinni að kvöldi dags þann 9. júní 2023, þegar enginn starfsmaður varnaraðila var viðstaddur til að taka á móti henni eða framkvæma ástandsskoðun. Sóknaraðili tók sjálfur myndband af ástandi bifreiðarinnar við skilin sem hefur verið lagt fram í málinu. Tveimur dögum síðar, þann 11. júní, hafði varnaraðili samband við sóknaraðila og tilkynnti um tjón á bifreiðinni, sem samkvæmt fullyrðingum varnaraðila var ekki til staðar við upphaf leigutímabilsins. Samkvæmt upplýsingum í tilkynningu varnaraðila var um að ræða tjón vegna sandfoks á tíu mismunandi stöðum á bifreiðinni. Í tilkynningu varnaraðila kom jafnframt fram að sjálfsábyrgð fyrir hverja skemmd væri 360.000 krónur. Í kjölfarið var greiðslukort sóknaraðila skuldfært um áætlaðan tjónskostnað, samtals 919.772 krónur eða 6.327,55 evrur. Sóknaraðili telur ekki sýnt fram á að tjónið hafi orðið á meðan bifreiðin var í hans umráðum og gerir kröfu um endurgreiðslu kostnaðarins. Þá telur sóknaraðili varnaraðila ekki hafa sýnt fram á raunverulegt tjón sitt.

Í tilkynningu varnaraðila til sóknaraðila, dags. 11. júní 2023, kom fram að áætlaður viðgerðarkostnaður vegna tjóns á bifreiðinni næmi 919.772 krónum. Meðfylgjandi tilkynningu til sóknaraðila var að finna fjórar ljósmyndir af bifreiðinni.

Í framlögðu CABAS-mati, dags. 30. júlí 2024, framkvæmt af [...], er kostnaður við viðgerð skráður 1.080.060 krónur, að meðtöldum vinnu- og efnisliðum.

Undir rekstri málsins óskaði kærunefndin eftir upplýsingum um hvort viðgerð hafi farið fram á leigubifreiðinni. Þá óskaði nefndin eftir því að varnaraðili legði fram staðfestingu á greiðslu reiknings vegna viðgerðar eða að varnaraðili sýndi með öðrum hætti fram á raunverulegt fjártjón sitt. Í svari sem barst frá varnaraðila þann 16. maí 2025 kom fram að viðgerð hefði ekki farið fram á bifreiðinni þar sem beðið væri eftir niðurstöðu kærunefndarinnar.

Kærunefndin bendir á að varnaraðili hefur sýnt fram á, með gögnum frá fagaðilum sem skoðuðu myndband sóknaraðila af bifreiðinni við skilin þann 9. júní, að líklega hafi bifreiðin orðið fyrir einhverju sandfokstjóni á meðan hún var í vörslum sóknaraðila. Hins vegar bendir kærunefndin á að ekki er ljóst hvort og þá með hvaða hætti þær skemmdir, sem að sögn varnaraðila eru tíu talsins, tengjast þeim skemmdum sem voru á bifreiðinni við upphaf leigutímans. Þá bendir kærunefndin á að eina gagnið til stuðnings tjóni varnaraðila er svokallað CABAS-mat sem var framkvæmt af [...] um þrettán mánuðum eftir að sóknaraðili skilaði bifreiðinni. Til þess að krefjast skaðabóta frá sóknaraðila vegna tjóns ber varnaraðila samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins að sýna fram á fjárhagslegt tjón og raunverulegt umfang þess vegna þeirra skemmda sem urðu á bifreiðinni.

Í málinu liggur fyrir að viðgerð hefur ekki farið fram á bifreiðinni. Varnaraðili hefur ekki greitt viðgerðarkostnaðinn sem tilgreindur er í CABAS-mati [...] eða aðra fjárhæð vegna tjónsins. Að mati nefndarinnar dugir matið ekki eitt og sér til að sýna fram á fjárhagslegt tjón varnaraðila. Þá liggja engin gögn fyrir sem gefa kærunefndinni forsendur til þess að ákvarða bætur að álitum. Varnaraðili hefur að mati kærunefndarinnar ekki sýnt fram á fjárhagslegt tjón sitt og þar með heimild til að krefja sóknaraðila um greiðslu að fjárhæð 919.772 krónur eða 6.327,55 evrur. Með hliðsjón af framangreindu verður fallist á kröfu sóknaraðila um fulla endurgreiðslu.

V

Úrskurðarorð

Varnaraðili, Y, endurgreiði sóknaraðila, X, 6.327,55 evrur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Víðir Smári Petersen
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson